



## Friðheimar

Friðheimar er námsúrræði fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd.

Í Friðheimum starfa kennarar, almennir starfsmenn, verkefnastjóri og deildastjóri sem sjá um skipulag náms og funda með nemendum og aðstandendum.

Áður en nemendur hefja nám í Friðheimum er þeim boðið í móttökuviðtal ásamt foreldrum. Eftir móttökuviðtalið er lagt fyrir nemanda stöðumat í stærðfræði og læsi. Markmiðið með stöðumatinu er að fá sem besta mynd af stöðu nemandans og geta lagað kennsluna að þörfum og þekkingargrunni hans. Eftir stöðumatið fær nemandi upplýsingar um skólabyrjun.

## Skólahjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur er Kathy og er hún með móttöku á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 9:00 – 14:00. Hún er staðsett í Háaleitisskóla.

## Námið

Lögð verður áhersla á íslensku, stærðfræði, lífsleikni, félagsfærni, upplýsingatækni, list- og verkgreinar ásamt hreyfingu.

### Börn í 1. - 5. bekk

Kl. 9:00 - 11:00	Kennsla
Kl. 11:00 - 11:30	Matur
Kl. 11:30 - 13:10	Kennsla

### Börn í 6. - 10. bekk

Kl. 9:00 - 10:20	Kennsla
Kl. 10:20 - 10:30	Frímínútur
Kl. 10:30 - 11:30	Kennsla
Kl. 11:30 - 12:00	Matur
Kl. 12:00 - 13:20	Kennsla



## Nesti og hádegismatur

Allir nemendur fá heitan mat í hádeginu. Ef það eru sérþarfir, ofnæmi eða af trúar ástæðum, þarf að láta verkefnastjóra/ deildarstjóra vita af því.

Matseðill er á netfanginu:

<https://www.skolamatur.is/matsedill?school=105>

Ef nemandi vill ekki hádegismatinn sem er í boði þá þarf hann að koma með nesti að heiman. Sætindi og sykraðir drykkir eru ekki leyfðir í skólanum.

## Símar

Símar eru ekki leyfðir á skólatíma. Ef nemendur koma með síma í skólann verður að taka hjóðið af honum og hann geymdur í símaskúffu sem tilheyrir hópunum.

